

Vinnumálastofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Bt. Unnar Sverrisdóttur, forstjóra

Reykjavík, 11. desember 2024.

Efni: Kjarasamningur Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði og Virðingar stéttarfélags.

Efling stéttarfélag vekur athygli Vinnumálastofnunar á kjarasamningi Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) og Virðingar stéttarfélags, sem birtur hefur verið á heimasíðu félaganna (**fskj. 1**).

Efling hefur haft kjarasamninginn til skoðunar þar sem gildissvið hans skarast á við gildissvið kjarasamnings Eflingar og Samtaka atvinnulífsins (SA). Efling telur kjarasamninginn vera í ósamræmi við lög og lágmarkskjör á vinnumarkaði, en meðal annars má nefna eftirfarandi atriði:

- Kjarasamningurinn er ósamrýmanlegur 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 að því marki er kveðið er á um lakari kjör en samkvæmt kjarasamningi Eflingar og SA.
- Jafnframt eru ákvæði í kjarasamningnum sem kunna að vera gagnstæð eða fullnægja ekki skilyrðum laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, laga um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971, laga um orlof nr. 30/1987, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018, jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, tilskipunar 91/533/EBE um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi og samnings ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 um breytt fyrirkomulag uppsagna á almennum vinnumarkaði.
- Frá og með 1. janúar 2025 verða launataxtar samkvæmt kjarasamningi SVEIT og Virðingar lægri en samkvæmt kjarasamningi Eflingar og SA.
- Í samningnum er vinnutíma og álagsprósentum breytt þannig að dagvinnutími er lengdur og álagsprósentur lækkaðar, sem leiðir til kjaraskerðingar, einnig þau tímabil þar sem taxtar samkvæmt samningi SVEIT og Virðingar eru hærrí.
- Kjör ungmenna á aldrinum 18-21 árs eru skert, en heimilt er að greiða þeim 95% af byrjunarlaunum, án takmörkunar á reynslutíma.
- Orlofsréttindi eru skert en ekki er gert ráð fyrir ávinnslu orlofs umfram lögbundinn lágmarksrétt.

- Uppsagnarfrestur er styttri.
- Veikindaréttur og réttur vegna veikinda barna er skertur.
- Skírdagur er ekki talinn sem helgidagur, gert er ráð fyrir lægri greiðslum til dagvinnufólks á hátíðardögum og vaktavinnufólk missir rétt til 12 vetrarfrisdaga á ári vegna vinnu á hátíðardögum.
- Ýmis félagsleg réttindi eru skert sem og réttindi og möguleikar trúnaðarmanna á að gegna starfi sínu.


Í ljósi hlutverks Vinnumálastofnunar, meðal annars við aðstoð við atvinnuleit samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 og lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006, sem og hlutverks stofnunarinnar í sambandi við útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði samkvæmt lögum nr. 97/2002, þótti Eflingu sérstakt tilefni til þess að vekja athygli Vinnumálastofnunar á framangreindu.

Í þessu samhengi er sérstaklega horft til þess að samkvæmt c.-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 97/2002 er almennt skilyrði atvinnuleyfis að útlendingum séu tryggð laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Brot gegn framangreindu kunna að varða viðurlögum skv. IV. kafla laganna. Vinnumálastofnun er að auki heimilt að synja um veitingu tímabundins atvinnuleyfis til útlendinga hjá atvinnurekanda sem hefur áður vanrækt að greiða laun í samræmi við kjarasamning.

Kjarasamningur SVEIT og Virðingar felur í sér grófa aðför gegn réttindum launafólks. Að mati Eflingar er því afar brýnt að breið samstaða sé um að sporna gegn því að slíkt félagslegt undirboð viðgangist. Tryggja verður að atvinnuleitendum verði ekki beint í störf þar sem þeim eru ekki tryggð lágmarkskjör. Að sama skapi er nauðsynlegt að tryggja að atvinnuleyfishöfum sé greitt í samræmi við lög og kjarasamninga.

Af þessum sökum og með vísan til alls framangreinds óskar Efling eftir því að Vinnumálastofnun grípi til viðeigandi aðgerða og eftirlits, í samræmi við heimildir stofnunarinnar, til þess að tryggja réttindi hlutaðeigandi launafólks. Í þessum tilgangi lætur Efling stofnuninni í té félagatal Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði frá 11 september 2023.

Virðingarfullst,
f.h. Eflingar stéttarfélags,


Sólveig Anna Jónsdóttir formaður

Fylgiskjöl:

1. Kjarasamningur Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði og Virðingar stéttarfélags.
2. Félagsskrá Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði frá 11. september 2023.